

Kæra foreldri / forsjáraðili

Komið er að fyrirlögn könunarinnar Börn og netmiðlar 2025 sem lögð er fyrir nemendur í mörgum skólum landsins. Rannsóknin er framkvæmd á tveggja ára fresti af Fjölmiðlanefnd og Menntavísindastofn Háskóla Íslands. Könnunin safnar upplýsingum um notkun barna og ungmenna á stafrænum miðlum. Könnunin er ópersónugreinanleg og verður lögð fyrir á rafrænu formi í kennslustofunni meðan á skólatíma stendur.

Rannsóknin er framkvæmd í völdum skólum í öllum landshlutum og veitir mikilvægar upplýsingar um notkun barna og ungmenna á fréttu- og netmiðlum. Niðurstöðurnar eru notaðar sem grunnur að frekari vinnu Fjölmiðlanefndar við upplýsinga- og forvarnaraðgerðir meðal barna og ungmenna á Íslandi. Könnunin var einnig framkvæmd árin 2021 og 2023 og hafa Fjölmiðlanefnd og Menntavísindastofnun kynnt niðurstöður í fjölda skýrsla og fyrirlestra meðal fræðslustjóra, foreldrafélaga, félagasamtaka og annarra hagaðila, sjá heimasíðu Fjölmiðlanefndar. Einnig má sjá niðurstöður könnunarinnar frá 2023 á mælaborði Barna og netmiðla, sjá [hér](#).

Skólarnir sem taka þátt í könnuninni fá sérstaklega niðurstöður fyrir sinn landshluta sem er afar gagnlegt í tengslum við skipulagningu skóla og sveitarfélaga á forvörnum til að auka þekkingu barna og ungmenna á öruggri notkun á stafrænum miðlum. Auk þess sem forvarnarteymi Fjölmiðlanefndar og Netöryggismiðstöðvar Íslands hafa haldið fræðsluerindi meðal skólastarfsmanna og foreldra.

Könnunin er ópersónugreinanleg og verður lögð fyrir á rafrænu formi á skólatíma. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir hefur fjallað um efni og framkvæmd rannsóknarinnar og gerir engar athugasemdir (SHV2025-044).

Þátttaka nemenda er valkvæð og foreldrar/forsjáraðilar þeirra geta hafnað þátttöku. Viljir þú ekki að barn þitt taki þátt í könnuninni getur þú sent tilkynningu um það á tengilið könnunarinnar innan skólans, rektor@mh.is

Tímasetning fyrirlagnar spurningalistans fer eftir samkomulagi við stjórnendur hvers skóla. Tengiliður innan skólanna mun upplýsa nemendur um að könnunin sé ópersónugreinanleg og að nemendum sé ekki skylt að taka þátt eða svara spurningum sem þeir vilja sleppa. Einnig er nemendum heimilt að hætta þátttöku hvenær sem er. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Ingibjörg Kjartansdóttir Menntavísindastofnun Háskóla Íslands (Netfang: ik@hi.is).

Með kveðju

Ingibjörg Kjartansdóttir

Netfang: í [MVS kannanir@hi.is](mailto:MVS_kannanir@hi.is)

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands